

Ólafsskarðsvegur.

Neðan/vestan við Vatnaöldu og Bolaöldur er stór grasgefin lægð umkringd öldum og ásum í tæplega 180 metra h.y.s. Vatnavellir heitir graslendið sem var áningarstaður ferðamanna áður fyrr. Í daglegu tali er svæðið kallað Vötnin því á völlum er fjöldi vatna og tjarna sem Fóelluvötn kallast. Vestan við Vötnin heitir Mosar, rennislétt mosasvæði sem afmarkast af Nyrðri-Fossvallaá/Heiðarbrúnakvísl í norðri og Syðri-Fossvallaá í suðri. Upp úr völlum rís Vatnaás sem skiftir Fóelluvötnum í Neðri-vötn vestan við Vatnaásinn og Efri-vötn austan við hann. Syðst er Sandskeið sem búið er að græða upp að mestu. Svifflugfélag Íslands er þar með flugvöll.

Fyrsti vegurinn sem þá var kallaður Svínahraunsvegurinn var lagður yfir Sandskeið um 1887. Vegurinn átti að vera 6 álnir á breidd svo að lestir hesta með klyfjar gætu mæst á veginum. Um 1900 koma hestakerrur og vagnar til sögunnar og árið 1904 fór fyrsti bíllinn (Thomsen bíllinn) hér um. 1913 kom svo Ford T. og hófst þá bílaöld á Íslandi. Vegurinn þjónaði svo sem bílvegur (Suðurlandsvegurinn) með lagfæringum og endurbótum þar til að núverandi vegur var lagður 1972 norðar um Fóelluvötn. Um Sandskeið gat orðið torfært vegna vatns í vatnavöxtum og í sterkri norðanátt í þurrki gat orðið ófært þar vegna moldroks.

Um Vatnavelli liðast árfarvegir sem sumir eru stórhættulegir því þeir eru djúpir, bakkar þverhnýptir og lítið áberandi, einnig eru djúpar holur í grassvörðin. Ferðamenn þurfa því að leita sér leiða yfir árfarvegina þar sem bakkar eru lágir. Flest vor er lítið sem ekkert vatn í tjörnum og árfarvegum eftir að vorleysingar eru afstaðnar en þó koma þau ár þar sem tjarnir og árfarvegir eru barmafull fram eftir sumri. Ekki er um yfirborðsvatn að ræða heldur bullar vatnið upp úr tjarnar og árbotnum. Af þessu leiðir að gata sem farinn er að ári er kannski alófær næsta vor vegna vatns. Þarf þá að velja sér aðra leið um Vötnin og upp frá þeim.

(Undirritaður hefur þá kenningu að ef snjóar áður en jörð frýs, fari leysingarvatn ofan í jarðlöginn og komi svo upp í Vötnunum vegna jarðsprungna sem liggja þar í gegn og eru sýnilegar norðvestan við Vötnin og er þá mikið í Vötnunum það vor og fram eftir sumri).

Af Vatnavöllum/Fóelluvötnum/Vötnunum liggja nokkrar leiðir í Ólafsskarð. Ein leiðin liggur frá Efri-Fóelluvötnum syðst og austast um vatnsfarveg með sand og malarframburð og yfir Suðurlandsveginn með stefnu suðaustan við vörðu (N64°03.533' W021°32.958') sem stendur í hrauninu neðan Ölduhorns. Við lagningu Suðurlandsvegur var vatni veitt úr farvegum og hafa nýir myndast svo leiðin er stíð alla leið upp á Ölduhornið um Sneiðgötu (N64°03.507' W021°32.538'). Þaðan liggur leiðin í sendnum vatnsfarvegi með gamla ferðamannaveginum (Svínahraunsvegi) upp á Bolaöldu þar sem leiðir skiljast.

Önnur gata frá Vatnavöllum/Fóelluvötnum/Vötnunum kemur saman við fyrrnefndu leiðina við Bolaöldu. Sú gata skilst frá fyrrnefndu götunni (N64°03.855' W021°33.080') en stefnir til austurs upp um tvær lágur öldur og síðan upp á Vatnaölduna þar sem Suðurlandsvegurinn

var lagður yfir hana. Þaðan liggur leiðin að Bolaöldu og sameinast þar fyrrnefndum götum þar sem þær liggja upp á ölduna við vörðu (N64°03.326' W021°31.517').

Uppi á Bolaöldu eru gatnamót við götu sem kemur neðan af Vatnavöllum.

Til að rekja hana þurfum við að snúa aftur niður á Vatnavelli/Efri-Fóelluvötn og nú nokkru norðar en áður. Raflína (Tréstaurlína) liggur yfir endilanga Vatnavelli upp um Vatnaöldur og Bolaöldur. Ef gengið er að raflínunni þar sem hún fer upp um öldurnar hittum við á götur sem stefna upp um öldurnar. Sé gengið með þeim er fljótlega komið í grashvamm undir Vatnaöldu. Við göngum sunnan við hvamminn upp á ölduna og hjá vörðubroti (N64°03.747' W021°31.910'). Hér greinast leiðir. Liggur önnur gatan til suðurs í átt til Suðurlandsvegur en hin stefnir fyrst til austurs að enda hrauntungunar sem fyrr var getið og þaðan að girðingunni þar sem göturnar koma saman. Ágætt er að taka stefnuna rétt vestur fyrir steinvegg sem sveitafélagið Ölfus lét reisa nýlega á Bolaöldu og á stendur Ölfus stórum stöfum enda erum við komin í þann hrepp og Árnessýslu. Svo þarf að klofa yfir girðinguna sem liggur með Suðurlandvegi og þvera Þjóðveginn og erum við þá komin að Bolaöldu. Sneiðgata er upp á Bolaölduna (N64°03.428' W021°31.356') og þaðan er stefnt í átt til vörðu sem er á hæðartoppi framundan og áfram í átt til Jósefsdals. Á leiðinni er gengið yfir gamla Suðurlandsveginn sem þjónaði þar til núverandi vegur var lagður 1972. Nú þjónar vegurinn þeim sem eru að fara að mótorkrosssvæðinu eða þeim sem eru að fara upp í Jósepsdal. Lítið sést af Svínahraunsveginum gamla þar sem við þverum hann vestan gamallar malarnámu frá því að fyrsti vegurinn var lagður hér 1887.

Leið okkar liggur um fingerðan mel liggur vestan og síðan sunnan við mýrablett sem kallaður er Skollarófur eða Skollatófur. Þar fyrir sunnan sveigja göturnar til austurs í stefnu norður fyrir lágan háls sem gengur til norðausturs og myndar vesturhlíð vestasta Sauðadalsins. Austurhlíð dalsins er hömrum girt og hallast flestir að því að þar sé Þórishamar. Nyrst er hann kallaður Draugahlíðar.

Farið er um malargrýfjur sem mótorkrossfólk hefur til afnota fyrir skipulagðar mótorkrossbrautir. Hér sér því ekki mikið til gatna fyrr en komið er undir Þórishamar í skarði því sem myndast á milli hálsins fyrrnefnda og Þórishamars. Gatan liggur svo inn með hlíðum upp vestasta Sauðadalinn í átt að Jósefsdal. Einnig hefur verið farið vestan í hálsinum í skarð sem í honum er og þaðan á ská niður í árfar sem er niður allan dalinn og hefur það líklega verið ágætur reiðvegur nema neðst við dalkjaftinn þar sem vatnið gefur grafið sig niður í hraun. Til að komast eftir bílveginum upp í Jósefsskarð er farið hjá húsum mótorkrossbrautanna og er þá komið á veginn aftur.

En aftur á götuna undir Þórishamri. Hún liggur með hlíðinni upp í skarðið á milli Sauðalahnjúka og Vífilfells en nafn skarðsins er nokkuð á reiki. Á korti Björns Gunnlaugssonar frá 1844 er skarðið kallað Ólafsskarð og í öðrum heimildum er það kallað Nyrðra-Ólafsskarð og skarðið upp úr Jósefsdal milli Sauðalahnjúka og Ólafsskarðshnjúks, Syðra-Ólafsskarð. Í Örnefnaskrá fyrir Selvogsafreitt er sagt að Ólafsskarðshnjúkar séu báðum megin við syðra skarðið. Á eldri kortum eru hnjúkarnir tveir sunnan við skarðið kallaðir Ólafsskarðshnjúkar. Á leið okkar inn með Þórishamri er slóð sem liggur yfir hálsinn (Þórishamar) yfir í mið Sauðadalinn sem lokast til norðurs af Svínahraunsbruna/Bruna. Í

dalnum sjást ummerki skála (bragga) sem Æskulýðsfylkingin reisti þar. Austan við dalinn er annar háls, sem skilur að mið og austasta Sauðadalinn sem einnig er lokaður af Svínahraunsbruna/Bruna til norðurs og svo Leitahrauni til austurs en Blákollur er til suðurs.

Eftir þennan útúrdúr höldum við áfram og förum hjá stórum kletti sem hrunið hefur úr hlíðinni og heitir hann Hrafnsklettur. Til vesturs sjást miklir jarðvegsruðningar þar sem efni hefur verið numið úr hálsinum sem við höfum haft á hægri hönd. Mosavaxinn malarhóll var vestan við hálsinn samvaxta honum sem af sumum var kallaður Þórisshamar en af Mótörhjólumönnum nútímans kallaður Sóthóll. Ekki þarf að dvelja við nafnið því hóllinn er horfinn á braut á vörubílsþöllum. Áður lá slóð um hálsinn milli Sóthóls og Vífilfells nokkuð brött að vestanverðu, sem þó hefur verið létt leið fyrir þá sem fóru Ólafsskarðsveg gangandi. Sniðgata er úr skarðinu inn í Jósefsdal (Ólafsskarð/Nyrðra-Ólafsskarð eða kannski Jósefsdalsskarð?) í hlíð Vífilfells um hálsinn fyrrnefnda og svo með hlíðum að lækjarfarvegi í daldragi undir Vífilfellsöxl. Gata er norðan við lækjarfarveginn og er honum fylgt í litlum halla út um skarð sunnan við Ölduhorn og er síðan greið gata um Sandskeið niður að Vatnakofanum (sæluhúsinu) á Sleðaáasi. Af þessari leið liggja slitróttar götur yfir Ölduhornið niður hjá vörðunni neðan við Ölduhornið. Hefur sú leið hentað þeim sem ætluðu niður í Vötn/Fóelluvötn/Vatnavelli.

Enn á ný förum við á leiðina í Jósefsdal og stefnum inn í kverk sem myndast milli Þórisshamars og holts sem gengur út frá Sauðadalahnjúkum og fram í miðjan dalbotninn.

Á leið okkar birtist slóð eftir jarðýtu sem liggur upp á hálsinn (Þórisshamar) og síðan skásker hún norðurhlíð Sauðadalahnjúka austur fyrir vestasta hnjúkinn að rústum skálans Dverghamars. (N64°01.794'W021°31.457').

Aftur til baka á okkar leið. Við förum yfir kverkina áðurnefndu og tekur þá við önnur kverk milli Sauðadalahnjúka og Vífilfells og endar sú í skarðinu í Jósefsdal. Gamla gatan er austan við árfarið upp í skarðið.

Jón Svanþórsson.

Jósepsdalur og Ólafsskarð.

Þegar í skarðið í Jósepsdal (Nyðra Ólafsskarð eða Jósepdalsskarð.)sem er á milli Sauðadalahnjúka að austan og Vífilfells að vestan er komið blasir við nokkuð stór dalur umkringdur fjöllum og hjúkum. Svo liggur leiðin úr skarðinu á sandi fram hjá risastóru bjargi sem kallað er Grettistak en einnig Einstæðingur af sumum. Nú er stefnt til suðurs með austurhlíð dalsins og rekumst við fljótlega á götu (N64°01.791' W021°32.389') sem skásker hlíðina í Ólafsskarð/Syðra-Ólafsskarð. Í miðri hlíðinni komum við að þar sem jarðýta hefur rutt slóð úr dalbotninum upp á gömlu götuna og upp í skarðið. Þegar komið er upp undir skarðið sveigir gamla gatan suður fyrir jarðýtuslóðina þar sem brattinn er mestur en stefnir síðan í skarðið. Hlaðinn garður er þvert fyrir neðan háskarðið. Þar við er staur með bílfelgu á toppnum og alveg undir skarðinu er kofi. Líklega vegna skíðalyftu sem þar hefur áður verið. Ef horft er yfir Jósepsdal á leið upp í skarðið sést grunnur (kjallari) skíðaskála Ármanns (N64°01.500' W021°32.962') sem var byggður í stað eldri skála sem byggður var 1936, sem varð eldi að bráð. Hafist var handa við að reisa annan skála en sá fauk. Ekki var þó gefist upp heldur byggður myndarlegur skáli sem nú er búið að fjarlægja. Grasflöt er í botni dalsins sem er í um 330 metra hæð yfir sjávarmáli. Þjóðsaga segir að Jósef smiður hafi búið hér uns bær hans sökk í jörð vegna þess hve Jósef bölvaði mikið við smíðarnar og á Kölski að hafa sótt hann.

Í Ferðabók Þorvaldar Thoroddsen 1. Bindi bls. 157. Segir frá ferð hans í kringum Bláfjöll þann 20 júlí 1883. Með upphaf og endi í Kaldárseli. "Vífilfell er úr eintómu móbergi. Það stendur fram eins og höfði og er 655m á hæð. Við riðum niður fyrir það og svo niður á alfaravegin, þar sem Ólafsskarðsvegurinn skilst frá, síðan upp með Vífilfelli að austan. Milli þess og hnjúka, sem eru á vinstri hönd, er dalverpi, sem heitir Jósepsdalur. Þar er sandar í dalbotninum, en svolítið gras innan til. Þar er hellir í móberginu, og er sagt, að tröllkona hafi búið þar þangað til fyrir skömmu!"

Suðvestur af Jósepsdal, milli Bláfjalla og Bláfjallahryggs og 200 metrum ofar í fjöllum eru Draumadalir. Uppgangurinn var yfirleitt um Bláfjallagil sem er vestara gilið í dalbotninum um bratta skriðu í austurhlíð gilsins. Hitt gilið í dalbotninum heitir Hrafnagil með kletta beggja vegna. Ofan við það var reistur skáli í 580 metra hæð og hét sá Himnaríki (N64°00.555' W021°34.544') og er nú fallinn. Einnig er hægt að fara í Draumadali um gil vestan í Bláfjöllum Draumadalagil heitir það en það er vondur vegur um grjót í gilbotninum. Tveir berggangar eru þvert yfir gilið (Fossbrúnir) og er farið sunnan við fossbrúnirnar. Í Draumadölum sunnanlega eru tveir gígar sem kallaðir eru Litli-Bolli og Stóri-Bolli.

Nú erum við í Ólafsskarði og ber öllum heimildum saman um að svo heiti það. Ólafsskarð er sagt vera kennt við Ólafi bryta í Skálholti sem þjóðsagan segir að hafi hlaupið sturlaður um skarðið á leið frá Lyklafelli þar sem hann tapaði lyklum Skálholtsstaðar og linnti ekki hlaupunum fyrr en í Brytalækjum austur við Hólmsá á afrétti Álfversinga.

Gatan sem sneiðir hlíðina úr Jósepsdal upp í Ólafsskarði er um 700 m. á lengd og hækkunin er um 70m. Í skarðinu erum við í 418 metra hæð en landið þar austur og suður af er Leitahraun (Leitishraun) sem er kallað Lambafellshraun hér og er það talsvert gróið, flatt efst en hallar svo til suðurs og austurs. Norðan við götuna er Skæruliðaskálinn sem er í mjög slæmu

ástandi en hann var byggður árið 1946 af átta félögum úr skíðadeild Ármanns sem fannst full þröngt um sig í skálanum í Jósepsdal (Morgunblaðið 15.04.2009). Í sömu grein er sagt frá því að fimm ungir menn hafi fengið afsal fyrir skálanum og ætla þeir að endurbyggja skálann. (Deiliskipulag er komið af skálanum vorið 2023). Útsýnið er þó ekki dónalegt af dyrapallinum því þaðan blasa við eldgígarnir Nyrðri-Eldborg og Syðri-Eldborg sem gusu um árið 1000 þegar Íslendingar voru að taka kristna trú. Er hraunið úr þeim syðri kallað Kristnitökuhraun. Á milli eldborganna sést til Lambafells og Lambafellsháls, fremur rislág frá þessu sjónarhorni vegna mikilla hrauna sem lagst hafa að þeim. Ef horft er suður með hlíðum sést lítill tindur Leiti? sem er skilinn frá hlíðinni, innan við hann er gígurinn Leiti/Leitin.

Á korti Björns Gunnlaugssonar frá 1844 er leið sem liggur út í hraunið frá Ólafsskarði niður með Kristnitökuhrauni að Litla-Sandfelli kölluð Ólafsskarðsvegur en leið sú sem hefur verið kölluð Ólafsskarðsvegur og liggur niður með hlíðum Bláfjallahryggs á Þúfnavelli og þaðan að Krossfjöllum kölluð Bláfjallavegur.

Jón Svanþórsson



Ólafsskarðsvegur/Bláfjallavegur.

Úr Ólafsskarði göngum við suður með hliðum Bláfjalla leið sem í dag er í hugum flestra Ólafsskarðsvegur og fljótlega er komið að gatnamótum (N64°01.283' W021°33.223') Við Ólafsskarðsveg eða leið að Litla Sandfelli. Eftir um eins og hálfu kílómetra göngu er komið að hálsi eða leiti út frá fjallshlíðinni (Bláfjallahrygg). Tilvalið er að ganga þar upp því þetta er barmur á stórum gíg sem heitir Leiti/Leitin þaðan sem mikið hraun rann fyrir um 5000 árum. Hraunið náði stranda á milli, ofan í Elliðavog í Reykjavík og fram í sjó við suðurströndina þar sem nú er Þorlákshöfn. Miklir hraunhellar eru í Leitahrauni sem ber mörg nöfn. Ekki er Leitahraunið nýtt fyrir okkur því leið okkar lá á því upp undir Jósefsdal. Gígurinn er stór en töluverð mól er í honum úr gili sem kemur ofan frá Bláfjallahrygg.

Ef gengið er þvert yfir Leiti þarf að fara að hlið Bláfjallahryggs til að fara niður á jafnsléttu því gígbarmurinn er hár að sunnanverðu með móbergsklöppum og lausamöl sem stórhættulegt er að stíga út á. Eftir dálítinn spöl er komið að gatnamótum. Gata liggur þar til suðurs í stefnu utan við dálitla gossprungu og hraun. Þessi gossprungu eru í línu við Syðri og Nyrðri-Eldborgirnar sem áður voru nefndar og líklega frá sama tíma. Ekki er vitað um nafn á gígnum né hrauninu. Við höldum áfram niður með hliðum og svo milli hrauns og hliðar þar til hraunið leggst alveg upp að grýttri hliðinni og verður þá að fara upp á hraunið örstuttan spöl og er hér kannski komin skýring á götunni suður fyrir hraunið. Rétt austan þeirrar götu er vörðuð leið niður (suður) á Þúfnavelli. Oft er vörðuð leið ekki sú leið sem farin er á sumardeg.

Um hálfan kílómetra frá hrauninu eru gatnamót á götu sem fer niður með vatnsfarvegi sem kemur ofan úr gili sem er greinilega vatnsmikill í leysingum og stefnir hann austur fyrir Fjallið Eina sem er nú fram undan og er laust frá fjallgarðinum eins nafnið segir til um. Götur eru beggja vegna við Fjallið Eina koma svo göturnar saman sunnan við fjallið. (Nú telja menn að

við Fjallið Eina sé mikill jarðhiti). Við veljum í þetta sinn götuna sem fer austan við fjallið og komum þá að gatnamótum við anga af götunni sem fór suður fyrir gossprunguna og hraunið (N63°59.009' W021°33.037'). Farið er yfir vatnsfarveginn og að fjallinu og síðan milli hrauns og hlíðar niður brekku og á grasflöt sunnan undir fjallinu. Neðar þrengir hraunið aftur að og er farið milli hraunsins og Hrossahryggja, sem eru hér vestan við, niður á grasflatir sem heita Hrossaflatir. Þar eru vegamót við götuna sem fór inn fyrir Fjallið Eina. Rúmum kílómetra austar í hrauninu er Rauðhóll, móbergshóll sem rís upp úr hrauninu með vörðu í toppi. Um hann liggja mörk á milli á milli Selvogs og Ölfuss og þaðan í Ólafsskarð. Af Hrossaflötum liggur leiðin niður með Hrossahryggjum milli hrauns og hlíðar. Því næst komum við að gatnamótum við götu sem liggur upp um Hrossahryggi (N63°57.890' W021°32.266'), þvert yfir Heiðarveg/Grindaskarðaveg og áfram vestan við Geitafell og niður hjá Strandargjá. Þarna mun hafa verið heybandsvegur í Selvog. Undir vesturhlíðum Geitafells er ljómandi góður vegur en nokkuð brattur niður hjá Vestari-Kálfahvammsöxl, suðvestan í Geitafellinu og þaðan í Selvog (heybandsvegur?). En líklega hafa báðar þessar leiðir þjónað vermönnum og öðrum ferðamönnum að og frá Selvogi.

Áfram skal haldið um Ólafsskarðsveg niður með Hrossahryggjum og þegar þeim sleppir er komið að vegamótum við Heiðarveg/Grindaskarðaveg (N63°57.384' W021°31.616'). Mikill vatnsfarvegur með háum rofbökkum er fram undan sem flytur leysingarvatn ofan frá Drögum sem eru hlíðarnar upp að Bláfjöllum og niður til Þúfnavalla. Farvegurinn sker í sundur grasflatir sem heita Innriflatir eða Miðflatir á leið sinni á Þúfnavelli. Frá gatnamótum fyrrnefndu stefnir Ólafsskarðsvegur á Stórahvamm í Geitafelli og síðan með hlíðum austur fyrir fjallið. Afréttargirðing er norðan við vatnsfarið og er hægt að ganga austur með henni að prílu (N63°57.168' W021°30.836') og fara þar yfir girðinguna. Einnig er hægt að ganga lengra austur með girðingunni að annari prílu (N63°57.085' W021°29.940') sem þar er. Á þeirri leið er farið hjá götunni sem kemur ofan frá gosrásinni upp við Bláfjöll (N63°57.139' W021°30.240') og liggur sú leið öll í hrauni og er því leysingarvatn að vori eða snemma sumars ekki til trafala á þeirri leið.

Nú eru nokkrir möguleikar með framhald leiðarinnar.

Hægt er að fara út úr girðingunni um hlið eða yfir hana á prílu þar sem hún beygir til suðurs niður með Þúfnavöllum og ganga síðan jeppaslóð að Litla-Sandfelli við Þrengslaveg.

Ganga smá spöl niður frá hliðinu (prílunni að götu (N63°57.063' W021°29.419') sem líklega er Heiðarvegurinn til austurs. Leiðin liggur austur að sprungu og gatnamótum við götu sem liggur frá Krossfjöllum og upp í átt að Ólafsskarði. (N63°57.034' W021°28.136'). Síðan er farið yfir sprunguna og eftir dálítinn spöl eru gatnamót þvert á (N63°56.997' W021°27.673'). Sú gata kemur ofan frá Ólafsskarði hjá vestanverðu Litla-Sandfelli og liggur hún að norðvesturhorni Krossfjalla. Gatan sem ég tel vera framhald Heiðarvegarins/Grindaskarðavegar liggur beint áfram í stefnu á Vettlingshól á norðausturenda Krossfjalla. Fara þarf yfir nokkrar sprungur á leið að hlið Krossfjalla en síðan eru götur í báðar áttir með hliðinni. Rétt er að taka það fram að jarðvegsbrýr á sprungum geta verið svikular.

Svæðið milli Litla-Sandfells, Krossfjalla og Geitafells er nefnt Flatahraun þakið sprungum sem

liggja frá norðaustri til suðvesturs og liggur mikill fjöldi gatna um svæðið, flestar þvert á sprungurnar.

Næsta leið sem liggur frá Þúfnaöllum (N63°56.928' W021°29.363') Ólafsskarðsleið er í átt til Breiðabólstaðar, Vindheima eða Litlalands. Er hún vörðuð. Hægt er að komast á þrílu yfir afréttargirðinguna skammt sunnan við götuna (N63°56.860' W021°29.229') og ganga svo til austurs um níutíu metra að götunni. Fljótlega er komið í gróðurrás sem síðan skiptist og liggja götur í báðum rásunum þar til þær enda og svo eftir götum sem sameinast við Krossfjöll vestast, norðvestan við Krossfjallahnjúk og liggja svo milli hrauns og hlíðar niður í Löngudali.

Margar sprungur sem fara þarf yfir eru á báðum leiðum en færri á eystri leiðinni þar sem krækt er fyrir endann á nokkrum sprungum.

Af vestari leiðinni eru gatnamót við götu sem liggur dálítið vestar yfir margar sprungur með stefnu sunnan við Krossfjallahnjúk og kemur svo á götuna sem liggur með Krossfjöllum og sameinast þar við eystri leiðirnar. Af þessum leiðum er gaman að ganga norður fyrir Krossfjallahnjúk að Breiðabólstaðarseli sem kúrir í grösugri kví eða grunnum dal austan undir Kvíadalabergi; einum Kvíadalanna. Stefnt er í lægð á Kvíadalabergi og farið þar niður og eru þá seltóftirnar strax á hægri hönd (N63°56.142' W021°26.666'). Þaðan er gengið niður á götuna aftur svolítið sunnar, þar sem hún fer niður í Löngudali og er þá viðbótin á göngunni um hálfur kílómetri. Síðan liggur leiðin niður Löngudali að Gríslingahlíð þar sem eru gatnamót.

Þar sem gatan á milli hrauns og hlíðar beygir til vinstri og svo aftur til hægri til að fara niður um Löngudali eru gatnamót (N 63°55.890' W21°26.745') til austurs yfir Fagradal. Þaðan á milli Faradalsgafls og ása yfir í Torfdal. Þar er hægt að fara annað hvort austur yfir Bæjarlæk skammt neðan við upptök og á Lágaskarðsveg eða taka götu til suðurs niður með Bæjarlæk að Vindheimum.



Úr Fagradal austanverðum liggur gata upp um Ása vestan undir Dimmadalshæð hjá Miðvatnsstæðinu og með gróinni hraunrás niður hjá hruninni hleðslu og vörðu. Í örnefnasskrá fyrir Vindheima og Breiðabólstað er örnefnið Rella hér. Síðan liggur leiðin niður að heimreið Vindheima hjá plasttunnu á brekkubrúninni og er líklega vegna vatnsveitu.

En aftur á Ólafsskarðsveg (Bláfjallaveg). Þegar komið er niður Löngudali og Gríslingahlíð er komið fljótlega að gatnamótum (N63°55.434' W21°25.613'). Til hægri niður með hlíðum um Leirdal og yfir Skyggnishraun er leið til Litlalands það er að segja gamla bæjarstæðinu sem er vestar en núverandi bær. Girðing er með allri hlíðinni ofan við Litlaland og Breiðabólstað/Vindheima og verður því að klofa girðinguna og ganga að vegi hjá gamla bæjarstæðinu. Einnig er hægt að ganga stuttan spöl í vestur með girðingunni og fyrir hornið á henni en þá er Heiðarenda/Litlalandslækur og girðing á leiðinni niður á gömlu Krísuvíkurleiðina.

En hverfum aftur að gatnamótunum. Ef fara á niður hjá Vindheimum eða Breiðabólstað er stefnunni haldið til austurs yfir Fagradal þar sem hún sameinast selgötunni í Breiðabólssel og síðan liggur leiðin með hæðinni Ásum sem er gömul eldstöð. Dimmadalshæð er hæðartoppurinn nefndur sem er í kringum gíginn sem heitir Dimmidalur. En aftur á götuna. Þegar neðar dregur liggur leiðin hjá grasflöt sem Grútarbeyla nefnist (63°55.307' W21°25.031). Þar er hægt að beygja til suðurs af Ólafsskarðsleið og er þá komið á götu sem leiðir okkur niður um Borgarlágar og upp að Ingjaldsborg sem ber við himin í suðri. Þetta eru rústir fjárborga og tóft af sauðahúsi. Sunnan við tóftirnar er fyrrnefnd girðing sem liggur í norðaustur og suðvestur eftir brún Hlíðardals ofan húsa Breiðabólstaðar og Hlíðardalsskóla. Um tvö hundruð metrum austar með girðingunni er hlið á henni og stór vörðurúst sem kölluð er Bræðraborg og ber við himin frá austri. Síðan liggur leiðin þvert yfir götu sem farin var á milli bæja að Litlalandi og svo um Ás/Litlalandsás austanverðan sem er einnig gömul eldstöð með gíg sem heitir Stekkjardalur. (Ekki er langur krókur að ganga þangað). Leið okkar

liggur að girðingu í norður-suður stefnu og svo niður með henni í gegnum hlið á þvergirðingu og eftir slóða uns komið á veg við malarnámur. Síðan er stiklað yfir Bæjarlæk og á bílveg. Á þessari leið þarf ekki að fara um hlið á húsum.



En förum aftur upp á Grútarbeylu og göngum göturnar í suðaustur fyrst yfir smá hraunbundu (Grútur getur þýtt nýskur, lítill, grút máttlaus og grút linur. Grút-forliður samsetninga til áherslu á beylu sem getur þýtt kryppa=lítill kryppa/hraunbunga.) og síðan um Sauðabrekkur neðanverðar og komum að gatnamótum í austurátt að Vindheimum (N63°55.237' W21°24.486'). Gata liggur til hægri niður að girðingunni fyrrnefndu og síðan niður hliðina og svo til austurs undir túngirðingu Breiðabólstaðar sem liggur frá norðri til suðurs. Hægt er að losna við að klofa yfir girðinguna með því að ganga með með henni tæpa tvö hundruð metra til vestur að hliðinu fyrrnefnda hjá Bræðraborg). Við veljum hliðið og göngum síðan austur að girðingunni. Henni er síðan fylgt niður um hlið á þvergirðingu og erum við þá á sömu leið og ef við hefðum komið frá Ingjaldsborg. Skammt vestar með Ás eru Rifjabrekkur gamall áningarstaður langferðamanna. Á mörkum við Litlaland er Draugshellir í litlum hól.

Aftur á gatnamótin fyrrnefndu við götu að Vindheimum. Fljótlega eru móarnir að baki sem við höfum gengið allt ofan frá Fagradal og við tekur hraunmulningur þakinn mosa. Nú er komið gatnamótum þar sem gata liggur beint áfram skammt ofan við girðinguna framangreindu en önnur gata sveigir upp til vinstri og fer yfir litla gróðurtorfu og síðan austur um hlið Ása sem er lækkandi til austurs. Mikil jarðvegseyðing hefur verið hér sem sést á stöku rofabarði rúman metra á hæð. Á leiðinni sjást vörður og vestan og ofan við trjálund gengur hliðarbrúnin dálítið fram og heitir hér Ólafsvörður. Hér voru heimaréttir bæjanna og sést móta vel fyrir þeim. Næst sést mikil gjóthrúga hrundar hleðslur sem Háallsbyrgi nefnist. Vestan við Háallsbyrgi er gata niður að gamla bæjarstæði Breiðabólstaðar og nefnist hún Sneiðgata. Áfram er gengið þar til sést til Bæjarlækjar en þar sveigir gatan niður í um bæjartraðir að Vindheimum. Þar á brúninni er plasttunna líklega vegna vatnsveitu



Stöðull heitir austan við bæjartraðirnar. Í Stöðli hefst Lágaskarðsvegur sem liggur yfir Bæjarlæk neðan við Fossin sem fellur fram af hlíðarbrúninni sem hér er orðin mjög lág. Austan við Foss er príla á girðingunni sem er eftir hlíðarbrúninni. Síðan liggur Lágaskarðsvegur upp í botn Torfdals neðan við Torfdalsmel. Þar eru gatnamót við leiðina um Fagradal með Krossfjöllum.

Í ferðabók Sveins Pálssonar læknis. f.1762. d.1840. Dagbækur og ritgerðir 1791-1797. Bókaútgáfan Örn og Örlygur HF.-1983. 1. bindi á bls. 347. Segir hann frá ferð sinni um Ólafsskarðsveg.

„Að kveldi hins 13. (júní 1794) lagði ég af stað úr Gullbringusýslu með velgerðamanni mínum, hr. (Vigfúsi) Thorarensen, yfir hinn bratta fjallveg Ólafsskarð (sem er vestasta leiðin af þrem yfir Hellisheiði eins og getið er um í f.á. dagbók við 19.júní (1793)). Austur af skarðinu er úfinn hraunfláki eins og á Hellisheiði. Um kl. 5 morguninn eftir komum við að bænum Litlalandi og héldum þaðan eftir stutta hvíld austur yfir Ölfusá á ferju frá Óseyri. Þótt ferjustaður þessi sé mikið notaður, er hann oft mjög hættulegur og aðeins fær á liggjandanum milli flóðs og fjöru, því að ella hrekur straumurinn hestana út á rúmsjó eða upp eftir ánni í sandeðju og aurbleytu.“

Ásar eða Dimmadalshæð er gamall eldgígur dyngja sem blasir við af Þrenslavegi. Í toppi dyngjunar er gígurinn Dimmidalur og við hann há varða sem sést bæði úr vestri og austri t.d. af Þrenslavegi. Rás er frá Dimmadal niður undir brún ofan við Vindheima sem var hjáleiga frá Breiðabólstað. Báðum megin við Ása myndast dalir. Austan megin er Torfdalur og Fagradalur að vestan. Önnur og minni dyngja er suðvestur af Ásum. Hún heitir Ás eða Litlalandsás með gíg í toppi. Heitir þar Stekkjardalur. Hlíðardalur er á milli Ás/Litlalandsás að vestan og Lyngbrekkna að austan. Á mörkum Breiðabólstaðar og Litlalands skammt ofan vegar, er dálítill hóll og í honum er Draugshellir. Þar hafast við draugur, ungur piltur sem

glettist við ferðamenn, en rétt austan hellisins var áningarstaður langferðamanna í Rifjabrekkum. Fyrir nokkrum árum tóku nokkrir vaskir menn sig til og mokuðu út úr hellinum mold sem hafði lokað honum eins og hægt er að kynna sér á Ferlir.is.

Ólafsskarðsvegur nútímans.

Nú förum við aftur að Geitafelli og göngum niður með austurhlíð þess um grasflöt. Skilflöt heitir hún vegna þess að þar röðuðu fjallkóngar mönnum til smölunar á afréttinum: (Fjallskil). Príla er á afréttargirðingunni (N63°56.162' W021°29.224'). Norðan við prílunna er gata (N63°56.179' W021°29.207') sem liggur til suðausturs yfir nokkrar gjár á brúm á vestari hluta leiðarinnar. Leiðin kemur svo saman við fyrrnefndar leiðir í neðri endanum á Löngudölum við Gríslingahlíð. Á leiðinni þar sem hraunið lækkar nokkuð eru vegamót (N63°55.790' W021°27.794') við götu sem liggur hjá Litlalandsseli og sameinast svo selgötunni í Litlalandsel, litlu austan við selið. Litlalandssel (N63° 55.362' W021°27.362') kúrir í litlum hvammi undir sérkennilegum kletti sem manngengt er í gegnum. Varða er norðan selsins og eru götur beggja vegna. Selgatan stefnir suður af hrauninu niður á móa og síðan fram af Lyngbrekkum efri og neðri að gamla bæjarstæði Litlalands. Fjöldi gatna eru í hrauninu austan og sunnan við Geitafell. Sumar lögðust af þegar brýr hrundu í gjám og hafa aðrar götur myndast í staðinn. Nú heldur sauðkindin ekki götunum lengur við því nú er þeirra afréttur í beitarhólfi.

Farið er yfir príluna við Skilflöt og gengið áfram suður með girðingunni að götu (N63°55.895' W21°29.517') Þessi leið er sú sem oftast er farinn sem Ólafsskarðsvegur. Gjár eru á leiðinni með jarðvegsbrúm. Eftir um eins kílómetra göngu frá fjallinu í stefnu á Búrfell er komið í grösugan og skjólgóðan hvamm. Hér var Hlíðarendasel (N63°55.392' W021°29.234') sem tóftirnar vitna um. Við höldum áfram og eftir stuttan spöl komum við að gatnamótum (N63°55.283' W021°29.192'), þar sem selstígurinn liggur í austur og síðan suður í átt til Hlíðarenda. Á leið þangað kemur gata norðan frá Skilflöt á götuna. Eftir það er komið á Búrfellsmóa en þar við eru tvær götur til austurs til Litlalandis.

Við förum aftur á Ólafsskarðsveginn sem stefnir vestur fyrir Búrfell. Á þeirri leið kemur gata úr vestri inn á Ólafsskarðsveginn. Sú gata liggur frá Geitafelli neðan undir Fálkakletti sem skagar lengst til suðurs úr fjallinu og er á mörkum milli Selvogs og Ölfus. Príla er á girðingunni (N63°55,384' W21°30.418') Þessi gata fer hjá hellinum Búra sem lesa má um á síðunni Ferlir.is. Við höldum svo vestur og suður fyrir Búrfell sem er eldfjall á brún Hlíðarendafjalls og hefur sent hraunflóð suður af brúnum þess og heitir það Ás. Bíslóð liggur upp á Búrfell síðan námugröftur var stundaður í gígunum. Við göngum veginn og komum að götu á hægri hönd sem liggur frá Geitafelli austast af Miðflötum. Vegurinn liggur áfram niður Ásinn og eru þá Nónskarð austan við okkur og Rjúpnadalur vestan. Útsýni er dágott af Búrfelli til allra átta þótt ekki sé það hátt.

Vestar með Geitafelli frá Miðflötum eru Selsvellir. Þaðan er gata niður með Réttargjá sem svo er kölluð vegna réttar sem stendur við gjárvegginn (N63°54.865' W021°32.373') Hún er

kölluð Selsvallagjá eða Geitafellsgjá þótt hún standi í 1,5 km. fjarlægð frá Geitafelli. Mun réttin fyrst og fremst hafa verið rúningsrétt. Svæðið sunnan og vestan Geitafells er kallað Gjárnar og málvenjan sú að vera á Gjánum.

Ferðir um sprungu og gjásvæði eru varasamar. Punnt lag af Mosa eða öðrum gróðri getur hulið sprungur.

Örnefni á afrétti Hjallasóknar. Örnefnaskrá fyrir Vindheima og Breiðabólstað. Örnefnaskrá fyrir Litlaland. Örnefnaskrá fyrir Hlíðarenda. Örnefnaskrá fyrir Selvogsafrett.

Jón Svanþórsson.

Götur frá Ólafsskarði að Litla-Sandfelli.

Úr Ólafsskarði liggur gata hjá vörðu (N64°01.298' W21°32.025') í átt að Syðri Eldborg og síðan suður með brún Kristnitökuhraunsins. Önnur gata liggur einnig beint úr skarðinu en stefnir meira til suðurs hjá vörðu (N64°01.273' W21°32.173') og síðan hjá vörðum (N64°00.872' W21°31.813 og N64°00.577. W21°31.816') sem er ein af fjórum vörðum á gatmótum við þá götu sem var farin var með hesta er greinilegust og best vörðuð. Ef sú gata er valin úr Ólafsskarði er farið suður með hlíðum að stað (N64°01.278'W21°32.230') og haldið út í hraunið. Fljótlega er komið að vatnsfarvegi (N64°01.101'W21°32.14') og er stefnt að áberandi vörðu á hól (N64°00.779' W21°32.032' Hún hefur líklega þjónað sem leiðarvarða og markavarða því mörk Selvogs og Ölfus lágu hér áður en hrepparnir voru sameinaðir í Ölfus. Einnig er hægt að ganga lengra suður með hlíðum að gígnum Leiti og skoða hann. Úr honum runnu mikil hraun bæði til suðurs og til norðurs í Elliðavog í Reykjavík. Við Leiti er vegprestur við Reykjavegin stíkaðri leið frá Reykjanesi að Þingvöllum. Frá Leiti er stefnt austur að vörðuðu leiðinni og götunni sem fyrr var nefnd . Gatan liggur skammt vestan við Kristnitökuhraunið sem kom upp úr Syðri-Eldborg um árið 1000.

Á nokkuð sléttu Leitahrauninu sem heitir hér Lambafellshraun eru pollar í flestum lögðum í bleytutíð. Við vörðu sem hlaðin er utan í hraunhól eru gatnamót (N64°00.294' W021°31.591') á milli vörðunar og steins sem reistur er upp á endann. Sú gata stefnir að stórri vörðu við brún Kristnitökuhraunsins og síðan niður með hraunbrúninni að Lambafellshálsi og þaðan að Meitilstagli. Vegvísir, steinhella sem reist er upp á rönd er við vik inn í hraunið.

En aftur á götuna úr Ólafsskarði. Nú er hól framundan (N64°00.033' W021°31.430') steinn er vestan á hólum og er þar gata niður sem stefnir sunnan við Litla-Sandfell. Stöku vörður eru sjáanlegar við hana. Okkar leið beygir hins vegar austur fyrir hólinn og er þar stór varða hálfhruninn úr hraunhellum á hólum. Hér skiftist gatan í tvær götur og fara þær hjá sitthvorri vörðunni en sameinast svo eftir dálitinn spöl. Sameiginlega gatan stefnir til suðausturs niður um hraunið í átt að Litla-Sandfelli og eru vörður við götuna og er best að

halda sig við vörðuðu leiðina . Við tvær vörður liggur gata (N63°59.656´ W021°30.797´) af (aðal) götunni suður um hraunin og þverar fyrrnefndu götuna. Fer svo niður hjá Rauðhól og Eiturhól og endar niður á Þúfnavöllum.

Næst komið að gatnamótum (N63°58.990´ W021°29.903´) Gata liggur til austurs í átt að Meitilstagli og eru vörður með henni. Hún sameinast svo við götuna sem liggur um endann á Lambafellshálsi og er síðan ein gata að Meitilstagli.

Nú sveigir gatan dálítið til austurs og eru þar gatnamót (N63°58.166´ W021°28.960´) til suðurs. Gata stefnir að suðvesturhorni Litla-Sandfells og sameinast götum sem liggja að Krossfjöllum. Nokkrar vörður er með götunni. Gata sú sem við höfum kallað (aðal) götuna stefnir að norðvesturhorni Litla-Sandfells hjá vörðu. Leiðin liggur svo austur með norður hlíðum fellsins. Síðan liggja leiðir að Meitilstagli með hlíðum Litla-Meitils í Sanddali og á Lágaskarðveg. Einnig er leið sem áður hefur verið lýst með Þrengslaleið. Sú leið liggur með hraunkanti Eldborgarhrauns/Innbruna. á Lágaskarðsveg. undir Lönguhlíð. Líka er hægt að fara götur að Krossfjöllum og fara austan með þeim og skoða tóftir sem þar eru (N63°56.968´ W021°26.215´) og gætu hugsanlega verið hjáleiga Breiðabólsstaðar sem hét Skriða. Allavega er fjallshlíðin ofan við tóftirnar stórgrýtt skriða. Greinileg gata liggur svo áfram með Krossfjöllum niður hjá Torfdalsmel og um Torfdal að Vindheimum/Breiðabólstað/Hlíðardalsskóla. Á þeirri leið er varða rétt við Þrengslaveg sem vísa á götur að Lönguhlíð (N63°56.752´ W21°24.303´). Gata liggur til norðausturs að hraunbrún Innbruna og sameinast þar við fyrrnefnda götu frá Litla Sandfelli. Önnur gata fer beint til austurs að hrauntungu hrauns sem kallað er Frambruni. Stutt er yfir slétt hraun Frambruna að Lönguhlíð.

Í bókinni Austantóru II, segir Jón Pálsson svo frá á bls.133. „Sé ferðinni frá ferjustaðnum (Óseyrarnesi JS.) heitið yfir Lágaskarð eða Ólafsskarð, er farið vestur með Ölfusá, yfir gjárnar og út að Hamraendum og síðan upp í Hraunshverfi. Þaðan er farið upp Selsstíg, og liggja götuslóðarnir þaðan upp að Lönguhlíð. Má þá fara bæði neðan undir hlíðinni eða uppi á henni. Sé farið hið efra er komið niður í Sanddalinn austan undir Syðri-Meitlinum. En sé neðri leiðin valin og svo var ávallt ef menn voru ríðandi eða með lestir, þá er farið undir hlíðinni og meðfram henni, uns komið er norður í Sanddalinn. Þar geta leiðirnar skipzt þannig—og aðeins fyrir gangandi menn—að farið er yfir Brunann, sunnan undir Syðri-Meitlinum, vestur yfir Lambafellshraun, sunnan Fjallsins eina, vestur í Ólafsskarð og Jósepsdal, þaðan norður úr skarðinu utan í brattri og hárrí brekku, sem er að austanverðu við Jósepsdal og niður á Sandskeið.

Venjulega leiðin á Ólafsskarðsveginum (sem reyndar er enginn „vegur“), er farin frá Vindheimum, þar upp á fjallið, vestan að Bláfjöllum og meðfram þeim, uns komið er í Ólafsskarð“.

Rétt er að taka fram að varðaðar leiðir eru ekki endilega leiðir sem farnar eru að jafnaði.

Jón Svanþórsson.